



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## **Ákvörðun nr. 25/2007**

**Útnefning fjarskiptafyrirtækja með  
skyldu til að veita alþjónustu í  
fjarskiptum á starfssvæði sínu.**

**dags. 6. desember 2007**

# 1 Inngangur

Póst- og fjarskiptastofnun er ábyrg fyrir eftirliti með fjarskiptamarkaðinum hér á landi í samræmi við lög um fjarskipti nr. 81/2003 og lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Eitt af verkefnum stofnunarinnar er að ákvarða umfang alþjónustu í fjarskiptum hér á landi og ákveða hvaða fjarskiptafyrirtæki skuli bera skylda til að veita alþjónustu hér á landi, sbr. VI. kafli fjarskiptalaga.

Í samræmi við þetta hlutverk sitt og þar sem núverandi skyldur á Símann hf. um alþjónustu renna út 31. desember 2007, birti stofnunin samráðskjal þann 16. maí 2006, þar sem stofnunin kynnti sínar hugmyndir um framtíð alþjónustu hér á landi og óskaði jafnframt eftir athugasemdum hagsmunaaðila. Óskað var m.a. eftir athugasemdum um eftirfarandi atriði

- Útnefningartímabilið
- Hvaða fjarskiptafyrirtæki skyldi verða útnefnt
- Aðgang að almenna talsímanetinu
- Hvort setja ætti þak á þann kostnað sem réttlætanlegt væri að alþjónustuveitandinn legði út í við hverja tengingu
- Útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer
- Rekstur almenningssíma
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Skilmála alþjónustu
- Gæði alþjónustu

Við útnefninguna tók Póst- og fjarskiptastofnun einnig eftirfarandi atriði til skoðunar: Markaðshlutdeild, reynslu og möguleika fjarskiptafyrirtækja á að bjóða alþjónustu.

Með bréfi, dags. 30. mars 2007, voru drög að samráðsskjalinu einnig send samgönguráðuneytinu til umsagnar og óskað eftir athugasemdum ráðuneytisins og ábendingum um efni skjalsins. Stofnunin fór einnig yfir efni samráðsskjalsins á fundi með fjarskiptaráði þann 30. ágúst 2007 og svaraði spurningum nefndarmanna um efni þess.

Alls bárust stofnuninni þrjár umsagnir um efni samráðsskjalsins, ein umsögn barst fyrir hönd Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveitna ehf., Félagi heyrnarlausra og frá Bændasamtökum Íslands. Gerð verður grein fyrir þessum athugasemdum í ákvörðun þessari eftir því sem ástæða er til en að öðru leyti vísast til heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem umsagnirnar eru birtar í heild sinni.

Ákvörðun þessi er byggð á samráðsskjalinu sem stofnunin birti þann 16. maí 2007 að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust. Samráðsskjalið er þannig hluti af ákvörðun þessari eftir því sem við á.

Símanum hf. 500269-6779 var skipt upp í Skipti hf, kt. 460207-0880, Mílu ehf. kt. 460207-1690, og Fasteignafélagið Jörfa ehf., kt. 460207-1260, skv. skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sem staðfest var á hluthafafundi Símans þann 15. mars 2007, í samræmi við ákvæði 133 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í samræmi við framangreinda skiptingu færðust tiltekin réttindi og skyldur frá Símanum hf. yfir til Mílu ehf. og miðast sú skipting við 1. nóvember 2006. Míla hefur því samkvæmt framansögðu yfirtekið aðgangsnét Símans og þar með þá skyldu innan alþjónustu sem fjallar um aðgang að almenna talsímanetinu. Skipting Símans var liður í skipulagsbreytingu í samstæðu Símans þar sem hver rekstrareining, þ.e. fjarskiptaþjónusta, fjarskiptanet og fasteignir eru rekin sem dótturfélög í eigu Skipta hf. Áður hafði Síminn stofnað fyrirtækið Já upplýsingarveitur ehf. kt. 430805-0530, sem yfirtók skyldu fyrirtækisins að því er varðar útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer í símanúmerinu 118. Samkomulag var gert á milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Símans hf. um að bíða með hugsanlega yfirfærslu á þessum tilteknu skyldum til Já upplýsingaveitna þar til endurskoðun á alþjónustuskuldum innan fjarskiptaþjónustu færi fram af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Umsögn, sem barst þann 22. ágúst 2007 og áður er vitnað til var gerð í nafni ofangreindra fyrirtækja. Í ákvörðun þessari hefur verið tekið tillit til ofangreindrar skiptingar í samræmi við þá fjarskiptaþjónustu sem fyrirtækin veita í dag.

Verður nú gerð grein fyrir niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar hvern einstakan þátt alþjónustu innan fjarskiptaþjónustu hér á landi.

## **2. Tímabil útnefningarinnar**

Í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar var lagt til að gildistími alþjónustukvaða yrði þrjú ár frá 1. janúar 2008, með mögulegri framlengingu um eitt ár. Var tillagan m.a. studd þeim rökum að á þessu tímabili færi fram endurskoðun á innihaldi alþjónustuhugtaksins innan Evrópusambandsins sem og endurskoðun á þeim tilskipunum sem nú gilda um fjarskiptaþjónustu.

### **2.1. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Í umsögn Símans er fallist á að þessi sjónarmið skyldu ráða tímalengd alþjónustukvaða. Engar aðrar athugasemdir bárust um tímabil útnefningarinnar.

Með vísun til ofangreinds er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ekki sé ástæða til að hverfa frá þeirri tillögu sem lögð var til í samráðsskjalinu að því er varðar það tímabil sem útnefningin tekur til. Ákvörðun stofnunarinnar er því eftirfarandi:

#### **2.1.1 Alþjónustukvöð**

*Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki í ákvörðun þessari gildir frá og með 1. janúar 2008 og til og með 31. desember 2010. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið um eitt ár.*

### 3. Kostnaður við hverja tengingu

Í samráðsskjalinu var m.a. fjallað um að réttur notenda til alþjónustu væri ekki án undatekninga, og vísað m.a. til 4. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar um alþjónustu. Einnig var vísað var til þess að t.d. á Englandi og á Írlandi hafi verið sett viðmiðunarmörk um hámarkskostnað fyrir alþjónustuveitanda þegar metinn væri sá kostnaður sem réttlæt看legt væri að alþjónustuveitandi bæri af hverri tengingu. Óskaði stofnunin eftir sjónarmiðum frá hagsmunaaðilum um hvort rétt væri að setja ákveðnar viðmiðunarreglur við mat á því hvort beiðni um aðgang að fjarskiptanetinu væri sanngjörn eða ekki. Jafnframt var óskað eftir sjónarmiðum um hvort ákvörðun um að tengja tiltekin viðskiptavin við fjarskiptanetið ætti að byggjast á einhverjum öðrum sjónarmiðum en kostnaði.

Einnig kom fram að stofnunin taldi ekki líklegt að mikið myndi reyna á viðmiðunarmörkin þar sem allir landsmenn eru nú tengdir við almenna talsímanetið. Fjallað var um gjaldskrá fyrir heimtaugaleigu sem byggir á meðalverði allra heimtauga og að kostnaður sem væri umfram sett viðmiðunarmörk færi t.d. ekki inn í kostnaðargrunn fyrir heimtaugarleigu.

#### 3.1. Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Símann kemur fram að fyrirtækið telur það bæði eðlilegt og nauðsynlegt að sett séu viðmiðunarmörk um kostnað vegna tenginga, þar sem fordæmi eru fyrir því að kostnaður alþjónustuhafa við nýjar tengingar og endurnýjun á eldri tengingum sé svo hár að tekjur af henni muni aldrei standa undir fjárfestingunni sem í henni felst. Telur Síminn/Míla eðlilegt að hámarkskostnaður alþjónustuhafa við tengingar fari ekki yfir 500.000 kr. Fari kostnaður við veitingu þjónustunnar yfir þau mörk telja Síminn/Míla að viðskiptavinurinn þurfi að greiða mismuninn. Telur fyrirtækið nauðsynlegt að fjárfestingar alþjónustuhafa byggji á viðskiptalegum forsendum og að alþjónustuhafi tapi ekki fjármunum á því að veita viðskiptavininum sínum þjónustu. Þá halda Síminn og Míla því fram að einu sjónarmiðin sem sé með sanngirni hægt að leggja til grundvallar við mat á því hvort alþjónustuveitandi skuli ráðast í fjárfestingar við tengingar við talsímanetið eða ekki séu kostnaðarsjónarmið.

Í athugasemdum Bændasamtaka Íslands kemur fram að samtökin leggja eindregið gegn því að núverandi fyrirkomulagi verði breytt og telja það andstætt 6. tl. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 en þar segir:

*Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.*

Jafnframt vísuðu samtökin í 3. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga, þar sem segir að sama gjaldskrá skuli gilda alls staðar á landinu. Að mati Bændasamtakanna er það ljóst að alþjónustuveitandi tekur á sig þessa kvöð sem fylgir því að veita alþjónustu fyrir alla íbúa landsins og gert er ráð fyrir því í núverandi fyrirkomulagi að alþjónustuveitandi geti sótt um framlög úr jöfnunarsjóði til að uppfylla kvaðir til alþjónustu. Að lokum benda

Bændasamtökin á að út frá byggðarsjónarmiðum sé þak á kostnaði til þessarar grunnþjónustu í upplýsingasamfélaginu neikvæður þáttur.

### 3.2. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Vegna þeirra sjónarmiða sem fram koma hér að ofan þar sem Síminn bendir á nauðsyn þess að fjárfestingar alþjónustuhafa byggji á viðskiptalegum forsendum og að alþjónustuhafi tapi ekki fjármunum á að veita viðskiptavinum þjónustu. Þá er rétt að taka fram að alþjónusta gengur út á þá hugmyndafræði að allir fái notið ákveðinnar lágmarksþjónustu, í því felst í einhverjum tilvikum að langur tími getur liðið frá því að einstakar tengingar alþjónustuhafa beri arð fyrir fyrirtækið og í sumum tilvikum er alls óvíst að sumar tengingar og þar með sú þjónusta sem veitt er í gegnum tengingarnar skili arðsemi fyrir fyrirtækið. Í flestum tilvikum hefur þessu verið mætt í fjarskiptarétti á þá leið að tekinn er meðalkostnaður þegar fundið er út verð fyrir þjónustuna. Hins vegar geta verið uppi þau tilvik að kostnaður við hverja heimtaug sé það hár að ósanngjarnt er að alþjónustuhafi beri hann allan. Skiptir þá ekki máli hvort alþjónustuveitandi beri hann beint eða óbeint í gegnum jöfnunarsjóð alþjónustu sem öll fyrirtæki á markaði greiða í þ.á.m. Síminn.<sup>1</sup> Alþjónustuveitandinn fær þannig í öllum tilvikum aðeins greiddan hluta af því tapi sem hann verður fyrir vegna þjónustu við einstaklinga sem ekki er arðbært að þjóna<sup>2</sup> en hluta af því ber hann sjálfur vegna greiðsluskyldu í jöfnunarsjóðinn.

Eins og bent var á í kafla 1.1 í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar er sú þjónusta sem fellur undir alþjónustu ekki án undatekninga. Í því ljósi og með tilliti til meðalhófs er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að nauðsynlegt sé að setja ákveðin viðmiðunarmörk varðandi þann kostnað sem rétt þykir að alþjónustuveitandi beri að jafnaði við lagningu nýrra tenginga og/eða viðhalds á einstökum tengingum líkt og sett hafa verið í Bretlandi og á Írlandi. Það er mat stofnunarinnar að framangreind tilhögun sé í fullu samræmi við gildandi fjarskiptalög hér á landi sem og tilskipanir Evrópusambandsins.

Hvað varðar það sjónarmið Bændasamtakana að setning viðmiðunarmarkna muni hafa áhrif á byggðapróun þá getur stofnunin ekki tekið undir það. Eftir sem áður stendur öllum til boða aðgangur að fjarskiptaneti alþjónustuveitanda hér eftir sem hingað til. Eini munurinn er að umsækjendur verða sjálfir að taka þátt í hluta af kostnaði við að koma á tengingu þar sem kostnaður við hverja tengingu verður umfram sett viðmiðunarmörk. Kvöð um að alþjónustuveitandi eigi að tengja alla án tillits til kostnaðar er einnig ósanngjörn gagnvart meirihluta notenda þar sem hún getur orðið þess valdandi að gjöld hækki umfram það sem eðlilegt mætti teljast. Á sama hátt hefur stofnunin skyldur gagnvart þeim fyrirtækjum sem greiða í jöfnunarsjóð alþjónustu að haga útfærslu þeirra kvaða sem lögð eru á alþjónustuveitanda með þeim hætti að eðlilegt jafnvægi sé á milli réttinda og skyldna notenda fjarskiptaþjónustu og alþjónustuveitanda. Setning viðmiðunarmarkna er ein leið til þess.

Vegna jafnræðissjónarmiða er óhjákvæmilegt að sömu viðmið verði notuð við endurnýjun á eldri tengingum. Verði tjón á línunum sem rekja má til saknæmrar háttsemi

<sup>1</sup> Á tímabilinu 2000- 2006 greiddi Síminn um 64% af heildaframlagi fyrirtækja í jöfnunarsjóð..

<sup>2</sup> Sjá t.d. úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1/2007.

Þriðja aðila samkvæmt almennu skaðabótareglunni getur alþjónustuveitandi ekki borið fyrir sig sett viðmiðunarmörk við viðgerð á umræddri tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Við útreikning kostnaðar þegar alþjónustuveitandi metur hvort beiðni umsækjanda um tengingu sé hærrí en sett viðmiðunarmörk á einungis að taka með kostnað sem hægt er að tengja beint við umsókn umsækjanda.

Með vísun til ofangreinds þykir Póst- og fjarskiptastofnun rétt að sett séu hliðstæð mörk og í gildi eru á Írlandi og miða við að sá kostnaður sem alþjónustuveitandi hefur af hverri heimtaug sé allt að 650.000 kr. (án vsk.). Að mati stofnunarinnar eru þessi viðmiðunarmörk bæði sanngjörn og eðlileg og í samræmi við reglur um meðalhóf og geta hugsanlega dregið úr líkum þess að alþjónustuveitandi þurfi á framlögum að halda úr jöfnunarsjóði alþjónustu á komandi árum. Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að umrædd viðmiðunarmörk sé við efstu mörk þess kostnaðar sem fellur til við að koma á tengingu og því muni í undatekningartilfellum reyna á hana.

Alþjónustuveitandi skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um öll þau tilvik þar sem kostnaður við tengingu við almenna fjarskiptanetið fer yfir sett viðmiðunarmörk og fyrirtækið áformar að krefja umsækjanda um þann kostnað sem er umfram viðmiðunarmörkin.

Póst- og fjarskiptastofnun mun endurskoða viðmiðunarmörkin a.m.k. einu sinni á útnefningartímabilinu. Í fyrsta sinn á þriðja ársfjórðungi ársins 2009.

### **3.2.1. Alþjónustukvöð**

*Allar beiðnir notenda um aðgang að almenna talsímakerfinu og aðgang að almennum gagnaflytningi með allt að 128 kb/s flytningu skal skoða sem sanngjarnar af hálfu alþjónustuveitanda, ef áætlaður kostnaður við að verða við beiðninni fer ekki yfir 650.000- (án vsk.), á hverja tengingu og umsækjandi samþykkir að greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitanda.*

*Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000-, skal alþjónustuveitandinn einnig verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000,- og stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.*

*Í gegnum tenginguna skal notandi skal geta hringt og tekið á móti innanlands- og útlendasímtölum, faxsendingum og hafa aðgang að almennum gagnaflytningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða.*

*Sömu viðmið skulu viðhöfð við uppfærslu á tengingu sem er fyrir hendi til að gera hana hæfa til flytningu á almennum gagnaflytningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða. Þá skal einnig styðjast við sömu kostnaðarviðmið við endurnýjun á eldri línum sem notaðar hafa verið sem tenging við almenna talsímanetið.*

## 4 Aðgangur að almenna talsímanetinu

Í samráðskjali Póst- og fjarskiptastofnunar var lagt til að Síminn hf. yrði útnefndur sem alþjónustuveitandi að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið. Eins og fjallað er um í kafla 1 er rekstur aðgangsnetsins nú í höndum Mílu ehf. og mun umfjöllunin hér að neðan taka mið af því.

### 4.1. Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Mílu kemur fram að þar sem greiningu á mörkuðum 1-6 sé ekki lokið telur fyrirtækið rétt að biðja með útnefningu uns niðurstöður þeirrar greiningar liggja fyrir. Telur fyrirtækið það staðreynd að ýmsir aðilar á markaði gætu tekið að sér að sinna alþjónustu eftir landsvæðum.

### 4.2. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur í samráðsskjali stofnunarinnar er Míla eina fyrirtækið sem hefur yfir að ráða tengingum sem ná til allra landsmanna. Sjá einnig svar fyrirtækisins við spurningu 5 í samráðsskjalinu þar sem fram kemur að Síminn hafi byggt upp eina fjarskiptanetið sem almennt getur sinnt kvöð um gagnaflutning fyrir landið í heild.

Sú staðreynd að markaðsgreiningu er ekki lokið á markaði 1-6 breytir engu um þá niðurstöðu sem reifuð er í samráðsskjalinu um að Míla sé í dag best til þess fallinn að sinna þessari tilteknu kvöð. Enda markaðsgreining unnin að hluta til út frá öðrum forsendum en útnefningarferli alþjónustuhafa.

Þá auglýsti stofnunin einnig sérstaklega eftir því í samráðsskjalinu að fyrirtæki gæfu sig fram til að sinna kvöð um alþjónustu annað hvort fyrir landið í heild sinni eða á ákveðnum svæðum. Ekkert fyrirtæki gaf sig fram til að sinna þessari þjónustu í samráðsferlinu. Einnig er vandséð að við núverandi aðstæður séu til fyrirtæki á markaði sem geta sinnt þessari kvöð með hagkvæmari hætti en Míla gerir nú, en fyrirtækið hefur yfir að ráða tengingum sem ná til allra landsmanna.

Með vísun til ofangreinds sem og umfjöllunar í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar er það niðurstaða stofnunarinnar að Míla ehf. sé best til þess fallin að sinna kvöð um aðgang að almenna talsímanetinu.

#### 4.2.1 Alþjónustukvöð

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003, er Míla ehf. kt. 460207-1690 útnefnd með alþjónustuskyldu að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið. Tengingin skal vera til þess fallin að hægt sé að bjóða almenna talsímaþjónustu sem og gagnaflutningsþjónustu með að lágmarki 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til landsins alls.*

*Við mat á beiðnum um aðgang er fyrirtækinu heimilt að taka mið af þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í ákvörðun 2.*

## 5. Aðgangur að gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu.

Í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar var lagt til að Síminn yrði útnefndur sem alþjónustuveitandi að því er varðar gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Einnig var spurt hvort einhver önnur fyrirtæki á markaði kæmu til greina sem alþjónustuveitendur að því er varðar þessa þjónustu.

### 5.1. Athugasemdir hagsmunaðila

Í athugasemdum Símans kemur fram að ef litið er til landsins alls hefur Síminn eitt fyrirtækja byggt upp eina fjarskiptanetið sem almennt getur sinnt þessari kvöð fyrir landið í heild. Síminn hafi nú þegar fjárfest fyrir verulegar upphæðir til að uppfylla þessa kvöð. Rökrétt virðist að nýta þá fjárfestingu fremur en að hvetja til frekari fjárfestinga annarra aðila.

Þá bendir fyrirtækið á að nú sé unnið að uppbyggingu CDMA 450 kerfisins, sem muni auka verulega þá möguleika sem í boði eru varðandi talsíma- og gagnaflutningsþjónustu. Eigi það ekki síst við um afskekkt staði, þar sem erfitt getur verið að veita þessa þjónustu. Með hliðsjón af þessu telur Síminn eðlilegt að fyrirtækið verði útnefnt sem alþjónustuveitandi um allt land fyrir gagnaflutningsþjónustu með að lágmarki 128 kb/s gagnaflutningshraða.

Í tengslum við umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar í samráðsskjali um gagnaflutning með 128 kb/s flutningsgetu var rætt um um þær áskriftarleiðir sem Síminn býður þeim notendum sem nýta sér þessa þjónustu og spurt hvort að þær kæmu til móts við þarfir notenda.<sup>3</sup> Í svari Bændasamtaka Íslands kemur fram að samtökin telja að þær áskriftarleiðir sem Síminn býður í dag mæti ekki þörfum notenda og stangist á við vilja stjórnvalda um að sama gjald skuli greitt fyrir alþjónustu alls staðar á landinu sem komi m.a. fram í 3. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga.

Enn fremur kemur fram í umsögn samtakanna:

*“Þó segja megji að verð fyrir ISDN þjónustu sé alls staðar það sama þá er hvergi minnst á ISDN í fjarskiptalögum né í reglum um alþjónustu. Samkvæmt áskriftarleið sem Síminn býður í dag ISDN notendum greiða þeir 62 sinnum hærra verð pr. bita gagnaflutnings en ADSL notandi í þéttbýli. Þá er rétt að halda til haga að íbúi í dreifbýli sem aðeins á kost á ISDN þjónustu alþjónustuveitanda (Símans) býr við 100 sinnum lélegra gagnaflutningssamband en venjulegur ADSL notandi.*

*Það er þannig ljóst að þeir íbúar landsins sem hafa einungis aðgang að ISDN tengingum (um 40% íbúa allra lögbýla landsins) greiða umtalsvert hærra gjald að netinu þrátt fyrir að þessi þjónusta sé hluti af alþjónustu.*

*Bændasamtökin telja þannig mikilvægt að Póst- og fjarskiptastofnun tryggi með öllum ráðum að sama gjald sé greitt fyrir alþjónustu alls staðar á landinu eða að sett verið þak á gjald til notenda fyrir gagnaflutningsþjónustu. Núverandi fyrirkomulag*

<sup>3</sup> Spurning 6 í samráðsskjali.



*stangast á við stefnu stjórnvalda (og Evrópusambandsins) um jafnt aðgengi að upplýsingasamfélaginu.”*

## **5.2. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kom í samráðskali Póst- og fjarskiptastofnunar lagði stofnunin til að Síminn yrði útnefndur með skyldu til að veita gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Í umsögn Símans er tekið undir þau sjónarmið sem þar voru reifuð og telur fyrirtækið rökrétt að þessi skylda hvíli áfram á fyrirtækinu. Með vísun til þess er það niðurstaða stofnunarinnar að Síminn sé best til þess fallinn að sinna þessari tilteknu kvöð.

Fyrirtækinu er heimilt að uppfylla þessa kvöð með hliðsjón af meginreglu fjarskiptaréttar um tæknilegt hlutleysi.

Kemur þá til skoðunar sjónarmið Bændasamtakana um þær áskriftarleiðir sem í boði eru af hálfu Símans vegna ISDN þjónustu:

Í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, dags. 10. október 2007 (mál nr. 1/2007), um framlag til Símans hf. úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2005, kemur fram að úppreiknaður fjárfestingarstofn við uppbyggingu ISDN þjónustu á landsbyggðinni á árunum 2000 til 2005 var reiknaður kr. 847.151.911. Tekjur af þjónustunni á árinu 2005 voru reiknaðar kr. 16.025.511. Ljóst má vera að tekjur Símans af þessari þjónustu eru því langtum minni en sá kostnaður sem fyrirtækið hefur haft af uppbyggingu þjónustunnar.

Þá er einnig til þess að líta að ADSL þjónusta og ISDN þjónusta eru í raun ekki sambærileg tækni og verðlagning þjónustunnar lítur ekki sömu lögmálum.

Gjaldskráeftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar þegar kemur að alþjónustu lýtur auk þess eingöngu að því að bera saman einingarverð fyrir þjónustuna og/eða gæta þess að sama gjaldskrá gildi fyrir sambærilega þjónustu á öllu landinu. Engar vísbendingar hafa komið fram sem benda til þess að gjaldskrá Símans fyrir gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu sé ekki sú sama um allt land.

Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn hafi að því er varðar verðlagningu á þjónustunni komið eins langt til móts við þann hóp notenda, sem einungis á kost á gagnaflutningi með 128 kb/s flutningsgetu og með sanngirni hægt er að ætlast til af fyrirtækinu. Sérstaklega ef litið er til þess hvað uppbyggingin kostaði og þeirrar greiðsluskyldu sem nú hefur verið lögð á fjarskiptafyrirtæki í landinu með úrskurði nefndarinnar. Ekki eru því rök til þess að hægt sé að hlutast til um á grundvelli reglna um alþjónustu að gerð sé breyting á núgildandi áskriftarleiðum Símans sem í gildi eru fyrir þessa þjónustu.

### **5.2.1. Alþjónustukvöð**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. kt. 500269-6779 útnefndur með alþjónustuskyldu að því er viðkemur gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til alls landsins.*

## 6 Aðgangur að símaskrá og upplýsingaþjónusta um símanúmer

Að því er varðar aðgang að símaskrá og upplýsingaþjónustu um símanúmer gera fjarskiptalög ráð fyrir því að notendur fjarskiptaþjónustu eigi að hafa aðgang að símaskrá og upplýsingaþjónustu um símanúmer.

### 6.1. Athugasemdir hagsmunaðila

Í athugasemdum Símans hf. kemur fram að fyrirtækið hefur ekki haft útgáfu símaskrár og aðgang að upplýsingaþjónustu um símanúmer með höndum í u.þ.b. tvö ár. Telja forsvarsmenn Símans og Skipta hf., móðurfélags Símans, því ekki rétt að útnefna Símann sem alþjónustuveitanda á þessu sviði. Já upplýsingaveitur ehf., dótturfélags Skipta, hefur frá stofnun félagsins haft þann rekstur á sínum herðum og borið ábyrgð á framangreindum þáttum. Fyrirtækið hafi auk þess komið fram út á við, gagnvart símnotendum sem og atvinnurekendum, sem veitandi þjónustunnar, en ekki Síminn. Fyrirtækið hafi unnið að því jöfnum höndum að bæta nefnda þjónustu við símnotendur og atvinnurekendur og leitað ýmissa leiða til að mæta þörfum þeirra, sem hafa aukist og breyst í takt við tímann. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru því einnig á þeirri skoðun að réttast væri að útnefna fyrirtækið sem alþjónustuveitanda hvað varðar aðgang að símaskrá og upplýsingaþjónustu í stað Símans.

### 6.2. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun var tilkynnt með bréfi, dags. 1. júní 2005, að Síminn hafi ákveðið að skilja starfsemi 118, 1811, útgáfu símaskrárinnar og vefinn simaskra.is frá hefðbundinni starfsemi Símans og reka í aðskildu félagi. Samkvæmt tilkynningunni var félagið að öllu leyti í eigu Símans (nú Skjá miðlar ehf.) og mun taka á sig þær alþjónustuskyldur sem hvílt hafa á Símanum varðandi aðgang og upplýsingaþjónustu um símanúmer og útgáfu símskrár, sbr. ákvæði VI. kafla laga nr. 81/2003, um fjarskipti, reglugerð nr. 641/2000 um alþjónustu og 6. gr. fyrirmæla til Landsíma Íslands hf. um veitingu alþjónustu. Í svarbréfi Póst- og fjarskiptastofnunar vegna erindis Símans kom fram að stofnunin gerði ekki athugasemdir við að Síminn fæli dótturfélagi að annast rekstur þeirrar þjónustu sem lítur að upplýsingum um símanúmer, enda væri félagið að fullu í eigu Símans og að ábyrgð á því að þjónustan væri veitt á fullnægjandi hátt hvíldi eftir sem áður á Símanum, sbr. fyrirmæli Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 5. apríl 2005 til Landsíma Íslands hf. um veitingu alþjónustu. Einnig kom fram í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar að endurskoðun væri fyrirhuguð á alþjónustuskyldum og í því ljósi taldi stofnunin eðlilegt að bíða með breytingar á núgildandi fyrirmælum þar til endurskoðun alþjónustuskyldna færi fram í heild sinni.

Eins og sjá má af ofangreindu hefur Síminn hf. borið ábyrgð á útgáfu símaskrár sem og rekstri upplýsingaþjónustu um símanúmer. Með tilkynningu Já upplýsingaveitna ehf., dags. 19. nóvember 2007, skráði fyrirtækið sig með almenna heimild til reksturs þeirra alþjónustuskyldna innan fjarskipta sem falla undir útgáfu símaskrár sem og rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer í númerinu 118. Að fenginni þessari tilkynningu fyrirtækisins er ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að útnefna fyrirtækið með skyldu til að

veita alþjónustu á þessu sviði, í samræmi við umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar í samráðsskjali, sbr. umsögn Já upplýsingaveitna sem getið er hér að ofan.

Með vísun til ofangreinds eru Já upplýsingaveitur ehf. útnefnt með skyldu til að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer.

### **6.2.1 Alþjónustukvöð**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 eru Já upplýsingaveitur ehf. kt. 430805-0530 útnefndar með skyldu til að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer. Skyldan nær m.a. til þess að útvega áskrifendum fjarskiptaþjónustu eina prentaða símaskrá sem skal uppfæra a.m.k. einu sinni á ári. Uppfærsla netútgáfu símaskrárinnar skal fara fram a.m.k. einu sinni í viku.*

*Fyrirtækið skal halda utan um gagnagrunn yfir alla áskrifendur fjarskiptaþjónustu hér á landi hvort sem um er að ræða fastanetsnúmer, farsímanetsnúmer eða önnur þjónustunúmer. Jafnframt skal fyrirtækið virða ákvæði 45. gr. laga um fjarskipti þar sem m.a. er fjallað um rétt notenda til að vera óskráðir í gagnagrunn og rétt notenda til að fá aðgang að þeim upplýsingum sem eru skráðar um þá. Fyrirtækið skal einnig birta lista yfir þá áskrifendur sem óska eftir því að upplýsingar um þá megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar.*

*Fyrirtækið skal veita öðrum fyrirtækjum sem veita eða koma til með að veita upplýsingaþjónustu um símanúmer eða hyggjast gefa út símaskrá aðgang að gagnagrunni yfir símanúmer á kostnaðarverði, þ.m.t. um bannmerkt símanúmer.*

## **7. Almennings símar**

### **7.1. Athugasemdir hagsmunadila**

Í umsögn Símans kemur fram að fyrirtækið sé reiðubúið að sinna þessari þjónustu áfram jafnframt telur fyrirtækið að enn sé þörf fyrir almennings síma hér á landi sem falla undir alþjónustu. Fyrirtækið bendir einnig á endurmeta þurfi staðsetningu þeirra og umfang í ljósi breytinga á farsímaeign og útbreiðslu farsímaþjónustu á landi.

### **7.1 Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kemur í umsögn Símans hf. er fyrirtækið reiðubúið að sinna þessari þjónustu áfram og telur jafnframt að enn sé þörf fyrir almennings síma sem falla undir alþjónustu hér á landi. Með vísun til umfjöllunar stofnunarinnar í samráðsskjali sem og skýrrar afstöðu Símans í umsögn fyrirtækisins er það niðurstaða stofnunarinnar að enn sé þörf fyrir almennings síma hér á landi undir merkjum alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun mun í samstarfi við Símann endurmeta núgildandi ákvörðun frá 11 október 2000, þar sem fjallað er um fjölda almennings síma, staðsetningu þeirra og önnur útfærsluatriði varðandi þjónustuna almennt. Stefnt skal að því að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. maí 2008.

### 7.1.1. Alþjónustukvöð

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. útnefndur með skyldu til að reka almenningsíma. Útnefningin nær til landsins alls.*

*Fyrirtækið skal mæta öllum sanngjörnum kröfum um aðgang að almennings sínum að því er varðar útbreiðslu, fjölda og gæði þjónustu.*

## 8. Fjarskiptaþjónusta fyrir öryrkja og notendur með sérstakar þjóðfélagsparfir

### 8.1 Athugasemdir hagsmunaðila

Í umsögn Símans kemur fram að fyrirtækið sé ekki sammála þeirri tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna fyrirtækið sem alþjónustuveitanda að því er varðar þjónustu við öryrkja. Telur fyrirtækið að þessi ábyrgð eigi að hvíla jafnt á öllum fyrirtækjum í fjarskiptum sem hluti af samfélagslegri ábyrgð þeirra.

Í svari Símans við spurningu 12 í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar þá telur fyrirtækið að í boði sé sú þjónusta sem unnt er að veita öryrkjum með góðu móti. Ávallt sé hins vegar rými fyrir umbætur. Þá er tiltekið í umsögn fyrirtækisins að Síminn veiti öryrkjum margvíslega þjónustu án sérstakra kvaða um slíkt og nefnir sem dæmi textasíma. Í gegnum textasímann er heyrnarlausum einstaklingum veitt margvísleg símaþjónusta sem kann að vera örðugt fyrir þá að verða sér út um sjálfir. Er þar t.a.m. átt við aðstoð við tímabantanir hjá læknum, veitingu ýmissa upplýsinga, aðstoð við atvinnuumsóknir, auk aðstoðar við margt annað í svipuðum dóm. Þjónustan er gjaldfrjáls.

Félag heyrnarlausra skilaði inn athugasemdum við samráðsskjal Póst- og fjarskiptastofnunar. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að félagið telur að stjórnvöld eigi að vinna meira með félaginu hvað varðar könnun, val og uppsetningu á myndsíma sem sé framtíðarlausn. SMS sé eingöngu fyrir stutt skilaboð en sé ekki hægt að nota í spjall. Myndsímar geti verið góðir fyrir fjarsambönd, samtöl, túlkun og fleira sem þurfi að koma upp á Íslandi. Einnig sé spurning hver eigi að greiða fyrir myndsímatúlkun og hver eigi að sjá um reksturinn og telur félagið að stjórnvöld eigi að gera það. Félag heyrnarlausra vilji gjarnan vinna að myndsímamálum en stjórnvöld eigi að greiða götu þess, t.d. með prófun á myndsímunum, skoða ýmsan búnað og vettvangsferðir.

Telur félagið að stjórnvöld eigi að vinna meira að fjarskiptamálum heyrnarlausra og fatlaðra og tryggja eigi aðgengi félagsmanna að símtækjum, með kaupum á myndsímunum fyrir heyrnarlausra, að þeir eigi kost á kennslu á notkun myndsíma, að sett verði upp myndsímatúlkunarmiðstöð með ráðningu táknmálstúlka til að heyrnarlausir geti átt samskipti við heyrandi eins og gert er víða í heiminum.

Félagið bendir á að Norræni samstarfshópurinn um fjarskipti fyrir fatlaða (NFTH) hafi gefið út ýmsa bæklinga um sérlausnir fyrir fatlaða. Einnig bendir félagið á að í lögum um fjarskipti komi fram að allir notendur skuli eiga rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu. Til alþjónustu teljist m.a. talsímaþjónusta, handvirk þjónusta og þjónusta við öryrkja eða

notendur með sérstakar þjófélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu. Mikill hraði er í allri tækniþróun almennt og alltaf séu að koma upp nýir og nýir möguleikar fyrir heyrnarlausu til að nýta sér þessa tækni. Á sama tíma úreldist eldri tæki hratt og stjórnvöld þurfi að fylgjast með þessari þróun. Þá telur félagið að fulltrúar Íslands í Norræna fjarskiptaráðinu eigi að vinna meira með félagi heyrnarlausra eða öðrum hagsmunasamtökum og eigi að miðla upplýsingum og þekkingu áfram til viðkomandi aðila.

Þá kom fram að samningur félags heyrnarlausu við Símann sætti nú endurskoðun og vonaðist félagið til að eiga áfram gott samstarf við Símann á næstu árum.

## **8.2. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kemur í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar þá hafa fyrirtæki á markaði komið til móts við öryrkja s.s. blinda með því að bjóða ókeypis innhringingu inn í 118 og með afsláttum af mánaðargjöldum. Síminn hefur auk þess gert samning við heyrnarlausu sem vísað er til hér að ofan og m.a. gefið öllum heyrnarlausum 3G farsíma.

Þó að farsímaþjónusta og þar með 3G þjónusta falli ekki undir reglur um alþjónustu er óhjákvæmilegt að tekið sé mið af þeim nýja möguleika sem skapast hefur með tilkomu 3G farsímaþjónustu þegar metið er hvort ástæða sé til að útfæra nánar þá þjónustu sem standa skal fötluðum notendum, sérstaklega heyrnarlausum notendum, til boða undir merkjum alþjónustu. Innan alþjónustu er eingöngu hefðbundin talsímaþjónusta, sem veitt er í gegnum almenna fjarskiptanetið. Yfirgnæfandi líkur eru hins vegar til þess að 3G farsímaþjónusta og þar með markaðurinn sjálfur komi til með að leysa að einhverju leyti þau vandamál sem hafa verið til staðar varðandi aðgang heyrnarlausra að fjarskiptum.

Vegna þeirra ummæla sem fram koma í umsögn félags heyrnarlausu um rekstur þýðingarmiðstöðvar þá telur Póst- og fjarskiptastofnun að slíkur rekstur falli ekki undir alþjónustu og þar með sé ekki hægt að skylda fjarskiptafyrirtæki til að taka þátt í kostnaði við rekstur slíkrar miðstöðvar. Þá er einnig rétt að geta þess að þann 26. september 2007, stóð Póst- og fjarskiptastofnun fyrir opnu málþingi um fjarskipti fatlaðra, en málþingið var haldið í framhaldi af samráðsfundi norræns samstarfshóps um fjarskipti fatlaða, NPTH. Á málþinginu voru haldin fjölmörg erindi um þær lausnir sem nú eru til staðar að því er varðar aðgang fatlaðra að fjarskiptum. Stofnunin mun halda áfram á sömu braut og miðla upplýsingum til fatlaðra notenda varðandi nýjar tæknilausnir sem geta nýst þeim varðandi aðgang að fjarskiptum.

Í umsögn Símans kom fram að fyrirtækið sé ekki sammála þeirri tillögu Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna fyrirtækið sem alþjónustuveitanda að því er varðar þjónustu við öryrkja. Taldi fyrirtækið að þessi ábyrgð eigi að hvíla jafnt á öllum fyrirtækjum í fjarskiptum sem hluti af samfélagslegri ábyrgð þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun er sammála því sjónarmiði Símans að öll fyrirtæki í fjarskiptum eigi að sýna samfélagslega ábyrgð og þá um leið taka tillit til þeirra hópa samfélagsins sem einhverja hluta vegna geta ekki nýtt sér þá fjarskiptaþjónustu sem allir eiga rétt á vegna einherrar fötlunar. Nauðsynlegt er hins vegar að eitt fjarskiptafyrirtæki verði útnefnd sem alþjónustuveitandi að því er varðar þjónustu við þessa hópa. Eins og fjallað er um í

köflum 1 til 7 er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að útnefna fyrirtæki sem áður tengdust Símanum hf., en eru nú undir merkjum Skipta hf., sem alþjónustuveitanda. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar verður sú alþjónusta sem skylt er að veita öryrkjum ekki skilin frá þeim útnefningum sem fjallað er um í ákvörðun þessari, með þeim hætti að hægt sé að leggja skyldur á önnur fyrirtæki en þau sem almennt eru útnefnd fyrir hverja tegund alþjónustu.

Þau fyrirtæki sem heyra undir Skipti hf. Síminn hf. og Já upplýsingaveitur ehf. eru því útnefnd til að sinna þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu að því er varðar þjónustu við öryrkja. Þau fyrirtæki sem hér um ræðir eru Síminn að því er varðar talsímaþjónustu og rekstur almenningssíma og Já upplýsingaveitur að því er varðar útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer. Ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um aðkomu Mílu sem hefur skyldu til að tengja hvern notanda við almenna fjarskiptanetið en þær reglur sem gilda um tenginguna taka jafnt til öryrkja sem annarra notenda. Það sama gildir um gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu.

Það er einnig niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn sem og önnur fyrirtæki á markaði hafi komið til móts við þá hópa í þjóðfélaginu sem einhverra hluta vegna þurfa á sérlausnum að halda til að nýta sér þá fjarskiptaþjónustu sem fellur undir alþjónustu. Af því leiðir að ekki er ástæða til að útfæra nánar skyldur þeirra fyrirtækja sem útnefnd eru en gert hefur verið hingað til.

Póst- og fjarskiptastofnun beinir því jafnframt til annarra fyrirtækja á markaði að þau taki tillit til hagsmuna þessara hópa við útfærslu á fjarskiptaþjónustu og leitist við að koma til móts við þeirra þarfir með þeim hætti að aðgengi þeirra að þeirri þjónustu verði til jafns við aðra notendur.

### **8.2.1. Alþjónustukvöð7**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 eru Síminn hf. og Já upplýsingaveitur ehf. útnefnd með skyldu til að veita öryrkjum og notendum með sérstakar þjóðfélagsþarfir þá þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Útnefningin nær til landsins alls.*

*Fyrirtækin skulu verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu.*

## **9. Gjaldskrár og skilmálar**

Í samráðsskjali stofnunar var einnig spurt út í gjaldskrárefirlit Póst- og fjarskiptastofnunar sem og núgildandi skilmála Símans varðandi möguleika notenda til að stjórna útgjöldum sínum til fjarskiptaþjónustu.

Engar athugasemdir bárust við umfjöllun Póst- og fjarskiptastofnunar um þessa liði og í ljósi þess hyggst stofnunin haga gjaldskrárefirliti sínu á þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu með hliðstæðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Þá verður heldur ekki séð

að nauðsyn sé til þess að útfæra nánar en nú er gert möguleika notenda til að hafa stjórn á þeim útgjöldum sem fara í fjarskiptaþjónustu undir merkjum alþjónustu. Ef stofnunin telur ástæðu til að útfæra slíkar skyldur ákvörðun um slíkt tekin á almennum grunni sem næði til allra fyrirtækja sem veita fjarskiptaþjónustu en ekki eingöngu útnefnds fyrirtækis með skyldu til að veita alþjónustu.

## 10. Gæði þjónustu

Í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar var spurt út í þau gæðamarkmið sem stofnunin hefur sett varðandi kröfur til alþjónustu. Einnig var spurt út í hvort rétt væri að skipta landinu upp í svæði þegar kæmi að mati á frammistöðu, að því er varðar afhendingartíma tenginga og biðtíma vegna viðgerða.

Í athugasemdum Símann/Mílu kemur fram að skilgreind gæðamarkmið séu mikilvæg til að notendur viðkomandi þjónustu geti gengið að ákveðnum eiginleikum hennar sem vísam. Fyrirtækið telur einnig mikilvægt að gæðamarkmið séu sett að vel ígrunduðu máli og taki tillit til þess, að svo miklu leyti sem frekast er unnt, hvort viðskipta- og markaðssjónarmið geti réttlætt kröfur sem gerðar eru hverju sinni.

Telur Síminn/Míla að eðlilegt sé að skipta landinu upp í svæði við mat á frammistöðu í tengingum og viðgerðum. Núna miðast viðbragðstími Mílu, hvað bilanir í aðgangskerfinu varðar, við þann tíma sem líður frá því að bilun uppgötvast eða þegar beiðni berst inn til þjónustustýringar vegna bilana. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir jarðvinnuframkvæmdum eða meiriháttar umskiptingu á búnaði þótt það kunni að vera nauðsynlegt í sumum tilvikum. Telur Síminn að viðmiðin eigi við í 95% tilvika.

Í athugasemdunum kemur fram að í dag sé landinu skipti í þrjú svæði og markmiðið sé að viðgerð sé lokið í síðasta lagi frá 3 virkum dögum og upp í 10 virka daga.

Póst- og fjarskiptastofnun mun í framhaldi af útnefningu alþjónustuhafa setja af stað vinnu í samráði við útnefnda alþjónustuveitendur þar sem farið verður yfir núverandi gæðamarkmið og í framhaldinu sett ný viðmið þar sem tekið verður mið af þeirri umfjöllun sem fram kom í samráðsskjali Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. og athugasemdir Mílu hér að ofan. Gera má ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2008.

## 11. Kostnaður við veitingu alþjónustu

Það er mat Póst- og fjarskiptastofnunar að þær kvaðir sem lagðar eru hér á fjarskiptafyrirtæki eigi ekki að valda verulegum kostnaðarauka frá því sem nú er. Sú skoðun byggir m.a. á eftirtöldum atriðum: Uppbyggingu á þeim fjarskiptanetum sem þarf til að veita þessa þjónustu er lokið fyrir utan eðlilegt viðhald og lagnir vegna nýbygginga. Allir eru þ.a.l. tengdir við fjarskiptanetið með einum eða öðrum hætti. Á árunum 2000-2005 uppfærði Síminn hf. fjarskiptanet fyrirtækisins til að hægt væri að veita gagnaflutning með allt að 128 kb/s flutningsgetu um allt land. Þeirri uppbyggingu er að

fullu lokið og engin viðbótarkostnaður ætti að falla á fyrirtækið vegna kvaðar um að veita gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu.

Rétt er að taka fram að úrskurðanefnd fjarskipta- og póstmála kvað upp þann úrskurð 10. október 2007 (mál nr. 1/2007) að Símanum hf. bæri 163 milljónir úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2005. Óljóst er á þessu stigi hvaða afleiðingar þessi úrskurður hefur á hugsanleg framlög úr sjóðnum vegna þeirra ára sem úrskurðurinn tekur ekki til og varða kostnað Símans sem þegar er fallinn til hjá fyrirtækinu vegna þessarar kvaðar.

Þá hafa einnig verið sett ákveðin viðmiðunarmörk um hvaða kostnað er eðlilegt að alþjónustuveitandi beri vegna hvernar tengingar. Dregur það einnig úr líkum þess að alþjónustuveitandi þurfi að sækja í framtíðinni í jöfnunarsjóð vegna þeirrar þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

## 12. Niðurstaða

Samkvæmt framansögðu hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið til endurskoðunar núverandi kvaðir sem hvíla á Símanum og tekið tillit til og farið yfir þær athugasemdir sem bárust stofnuninni við samráðsskjal stofnunarinnar, sem birt var þann 16. maí 2007. Niðurstaða stofnunarinnar er sú að alþjónustukvöðum er skipt á milli: Símans hf. kt. 500269-6779 Mílu ehf. kt. 460207-1690 og Já upplýsingaveitna ehf. kt. 430805-0530 samkvæmt neðangreindum ákvörðunarorðum.

### Ákvörðunarorð

#### 1: Útnefningartímabil alþjónustukvaða.

*Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki í ákvörðun þessari gildir frá og með 1. janúar 2008 og til og með 31. desember 2010. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið um eitt ár.*

#### 2: Viðmiðunarmörk um kostnað alþjónustuhafa af hverri tengingu.

*Allar beiðnir notenda um aðgang að almenna talsímakerfinu og aðgang að almennum gagnaflutningi með allt að 128 kb/s flutningsgetu skal skoða sem sanngjarnar af hálfu alþjónustuveitanda, ef áætlaður kostnaður við að verða við beiðninni fer ekki yfir 650.000- (án vsk.), á hverja tengingu og umsækjandi samþykkir að greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitanda.*

*Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000-, skal alþjónustuveitandinn einnig verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000,- og stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.*

*Í gegnum tenginguna skal notandi skal geta hringt og tekið á móti innanlands- og útlandasímtölum, faxsendingum og hafa aðgang að almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 kb/s bitahraða.*



### **3 Aðgangur að almenna talsímanetinu.**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003, er Míla ehf. kt. 460207-1690 útnefnd með alþjónustuskyldu að því er varðar tengingu við almenna talsímanetið. Tengingin skal vera til þess fallin að hægt sé að bjóða almenna talsímaþjónustu sem og gagnaflutningsþjónustu með að lágmarki 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til landsins alls.*

*Við mat á beiðnum um aðgang er fyrirtækinu heimilt að taka mið af þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í lið 2.*

*Sömu viðmið skulu viðhöfð við uppfærslu á tengingu sem er fyrir hendi til að gera hana hæfa til flutnings á almennum gagnaflutningi með að lágmarki 128 Kb/s bitahraða. Þá skal einnig styðjast við sömu kostnaðarviðmið við endurnýjun á eldri línum sem notaðar hafa verið sem tenging við almenna talsímanetið.*

### **4. Aðgangur að gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu.**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. kt. 500269-6779 útnefndur með alþjónustuskyldur að því er viðkemur gagnaflutningsþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu. Útnefningin nær til alls landsins.*

### **5. Aðgangur að símaskrá og upplýsingaþjónustu um símanúmer.**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 eru Já upplýsingaveitur ehf. kt. 430805-0530 útnefndar með skyldu til að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer. Skyldan nær m.a. til þess að útvega áskrifendum fjarskiptaþjónustu eina prentaða símaskrá sem skal uppfæra a.m.k. einu sinni á ári. Uppfærsla netútgáfu símaskrárinnar skal fara fram a.m.k. einu sinni í viku.*

*Fyrirtækið skal halda utan um gagnagrunn yfir alla áskrifendur fjarskiptaþjónustu hér á landi hvort sem um er að ræða fastanetsnúmer, farsímanetsnúmer eða önnur þjónustunúmer. Jafnframt skal fyrirtækið virða ákvæði 45. gr. laga um fjarskipti þar sem m.a. er fjallað um rétt notenda til að vera óskráðir í gagnagrunn og rétt notenda til að fá aðgang að þeim upplýsingum sem eru skráðar um þá. Fyrirtækið skal einnig birta lista yfir þá áskrifendur sem óska eftir því að upplýsingar um þá megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar.*

*Fyrirtækið skal veita öðrum fyrirtækjum sem veita eða koma til með að veita upplýsingaþjónustu um símanúmer eða hyggjast gefa út símaskrá aðgang að gagnagrunni yfir símanúmer á kostnaðarverði, þ.m.t. um bannmerkt símanúmer.*

### **6. Aðgangur að almennings sínum.**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 er Síminn hf. útnefndur með skyldu til að reka almennings síma. Útnefningin nær til landsins alls.*

*Fyrirtækið skal mæta öllum sanngjörnum kröfum um aðgang að almennings sínum að því er varðar útbreiðslu, fjölda og gæði þjónustu.*

**7. Fjarskiptaþjónusta fyrir öryrkja og notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.**

*Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003 eru Síminn hf. og Já upplýsingaveitur ehf. útnefnd með skyldu til að veita öryrkjum og notendum með sérstakar þjóðfélagsþarfir þá þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Útnefningin nær til landsins alls.*

*Fyrirtækin skulu verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu.*

*Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.*

*Reykjavík, 6. desember 2007.*

---

Björn Geirsson f.h. forstjóra

---

Friðrik Pétursson